

STAFSREGLUR

um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, sbr. starfsrgl. nr. 1075/2008 og nr. 402/2021.

1. gr.

■Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

2. gr.

■Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið.

3. gr.

■Um störf og starfsskyldur presta sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda, auk ákvæða starfsreglna þessara, ákvæði starfsreglna um presta, svo og önnur ákvæði íslenskra réttarheimilda eftir því sem við á.

□Prestar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis starfa á grundvelli erindisbréfs sem biskup setur þeim.

4. gr.

■Prestarnir veita íslensku sendiráðunum og stjórnvöldum þjónustu eftir því sem um semst.

5. gr.

■Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

i. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum þeirra [prestsstarfa] ¹⁾ sem biskup semur um.

ii. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um [prestsþjónustu] ²⁾ við hlutaeigandi aðila, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, ráðuneyti, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.

iii. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.

iv. Önnur verkefni eftir nánari ákvörðun biskups.

1) Starfsrgl. 402/2021, 8. gr. a.

2) Starfsrgl. 402/2021, 8. gr. b.

6. gr.

■[Biskup ákveður hvar skuli veita prestsþjónustu meðal íslenskra ríkisborgara erlendis á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjuþings.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 9. gr.

7. gr.

■[Heimilt er að ákvarða og greiða starfskostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi prestur starfar.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 10. gr. Greininni var áður breytt með starfsrgl. 1075/2008, 1. gr.

8. gr.

■Valnefnd velur prest úr hópi umsækjenda. Valnefnd skal skipuð þremur fulltrúum sem valdir eru af viðkomandi safnaðarstjórnnum og einum skipuðum af biskupi Íslands og er sá formaður valnefndar. Ef [prestsþjónustan] ¹⁾ er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar þá skulu samstarfsaðilar tilnefna einn fulltrúa hvor.

1) Starfsrgl. 402/2021, 11. gr. Í auglýsingu starfsrgl. stóð ranglega að breyta skyldi 2. másl.

9. gr.

■Biskup Íslands kallar að jafnaði annað hvert ár til samráðsfundar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis. Fundurinn skal vera samstarfs- og samráðsvettvangur um hvaðeina er lýtur að þjónustu þjóðkirkjunnar á erlendri grund, stefnumótun og fjáröflun.

□Til fundarins skal bjóða einum fulltrúa frá hverjum söfnuði íslensku kirkjunnar erlendis. [Þjóðkirkjan - Biskupsstofa] ¹⁾ greiðir ferðastyrk fyrir fulltrúa og annan kostnað af fundinum.

1) Starfsrgl. 402/2021, 12. gr.

10. gr.

■Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2006. Jafnframt falla brott starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 737/1998 frá sama tíma.